

Fimmtudaginn 18. júní 1987.

Nr. 57/1987. **Ingibjörg Halldórsdóttir**

gegn

**Mjólkurfræðingafélagi Íslands**

**menntamálaráðherra**

**Iðnfræðsluráði**

**iðnaðarráðherra**

**Iðnráði og**

**Mjólkursamsölunni í Reykjavík**

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 4. febrúar 1987 samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, en sóknaraðili fékk vitneskju um uppkvaðningu dómsins 22. janúar 1987 að því er ætla verður. Kæran barst Hæstarétti 11. febrúar 1987.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunarkröfu varnaraðila verði hafnað og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila in solidum.

Varnaraðili Mjólkursamsalan í Reykjavík krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðilar Mjólkurfræðingafélag Íslands og Iðnráð krefjast staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Hæstarétti hafa ekki borist greinargerðir frá öðrum varnaraðilum.

Mál þetta hefur sóknaraðili höfðað til að fá dómsviðurkenningu á því að honum sé heimilt að vinna þau störf er stjórn Mjólkursamsölunnar í Reykjavík felur honum að vinna sem matvælafræðingi með framhaldsmenntun í mjólkurfræðum í rannsóknarstofu fyrirtækisins, jafnvel þótt þau störf kunni að skarast við þau störf er falla undir mjólkuriðn samkvæmt 8. gr. laga nr. 42/1978 og 2. mgr. 1. greinar laga nr. 68/1966, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 558/1981.

Sóknaraðili hefur brýnt tilefni til þess og réttarhagsmuni af því

að leita dómsúrlausnar um réttarstöðu sína að framangreindu leyti. Dómkrafa hans er nægilega skýrt mörkuð til að dóm megi um hana veita.

Samkvæmt framansögðu, og með því að almennir dómstólar eiga lögsögu um málefnið eins og hér stendur á, ber að fella hinn kærða frávisunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er að kærumálskostnaður falli niður.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávisunardómur er úr gildi felldur og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu efnisdóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1986.

#### I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávisunarkröfur hinn 3. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Ingibjörgu Halldórsdóttur matvælafræðingi, nnr. 4610-9368, Austurströnd 8, Seltjarnarnesi, gegn Mjólkurfræðingafélagi Íslands, menntamálaráðherra f.h. menntamálaráðuneytisins, Iðnfræðsluráði, iðnaðarráðherra f.h. iðnaðarráðuneytisins, Iðnráði og Mjólkursamsölunni í Reykjavík, með stefnu birtri 17., 20. og 26. mars 1986.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði dæmdir til að þola viðurkenningu dómsins á því að stefnanda sé heimilt að vinna þau störf er stjórn Mjólkursamsölunnar í Reykjavík felur henni að vinna sem matvælafræðingi með framhaldsmenntun í mjólkurfræðum á rannsóknarstofu fyrirtækisins, jafnvel þótt þau störf kunni að skarast við þau störf er falla undir mjólkuriðn skv. 8. gr. 1. nr. 42/1978 um iðnað og 2. mgr. 1. gr. 1. nr. 68/1966 um iðnfræðslu sbr. 6. gr. rg. nr. 558/1981 um iðnfræðslu. Jafnframt er gerð krafa um málskostnað að mati dómsins.

Stefndu Mjólkurfræðingafélag Íslands og Iðnráð gera þær dómkröfur aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi en til vara að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnanda.

Stefndi Mjólkursamsalan í Reykjavík gerir þær dómkröfur aðallega að máli þessu verði vísað frá og til vara að sýknað verði af öllum kröfum stefn-

anda. Hvernig svo sem málið fer er krafist málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnanda.

Stefndu iðnaðarráðherra f.h. iðnaðarráðuneytis, menntamálaráðherra f.h. menntamálaráðuneytis og Iðnfræðsluráð, gera þær dómkröfur að sýknað verði af kröfum stefnanda og málskostnaður felldur niður.

Málið er til úrlausnar nú að því er frávísunarkröfur varðar.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

#### IV.

Þótt marka megi af málatilbúnaði stefnanda og yfirheyrslum fyrir dómi að það sé einkum skynmat á mjólkurvörum, staðgengilsstarf forstöðumanns rannsóknarstofu Mjólkursamsölnunar í Reykjavík og ábyrgð gagnvart heilbrigðisyfirvöldum, sem dómkröfur stefnanda eru studdar við, þá er kröfugerð stefnanda hvorki sérgreind né takmörkuð við þau málsefni sérstaklega. Dómkröfur stefnanda takmarkast þannig ekki við ákveðin ágreiningsefni gagnvart stefndu, en lúta hins vegar að almennri viðurkenningu dóms á því að stefnanda sé heimilt að vinna ótiltekin störf sem stjórn Mjólkursamsölnunar í Reykjavík felur henni að vinna sem matvælafræðingi á rannsóknarstofu fyrirtækisins og það jafnvel þótt þau störf falli undir mjólkuriðn og lögvernduð séu.

Með svo viðtækri og almennri kröfugerð er stefnandi í raun að leita lögfræðilegs álits án þess að jafnframt sé til úrlausnar tiltekið ágreiningsefni í því sambandi. Er það andstætt 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, auk þess sem sú kröfugerð samrýmist vart ákvæðum 88. gr. sömu laga um glögga og skýra málsreifun. Ber því að fallast á kröfur stefndu um frávísun málsins, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarsins.

#### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.